



## SKÓLANEFND BLÁSKÓGABYGGÐAR

### 38. fundur skólanefndar Bláskógabyggðar

Miðvikudagur 19. nóvember 2014

Reykholt

#### Leikskólastig (16:00 – 17:00)

**Mætt:** Bryndís Böðvarsdóttir formaður (BB), Valgerður Sævarsdóttir varaformarður (VS), Axel Sæland ritari (AS), Elfa Birkisdóttir leikskólastjóri Álfaborgar (EB), Margret Larsen deildarstjóri (ML), Ingibjörg B. Baldursdóttir deildarstjóri (IB), Púriður Ágústa Sigurðardóttir fulltrúi starfsmanna Álfaborgar (PÁS), Hrund Harðardóttir skólastjóri Bláskógaskóla (HH), Valgarður Reynisson fulltrúi foreldra leikskóladeildar Bláskógaskóla (VR).

**Forfallaðir:** Sólveig Björg Aðalsteinsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskóladeildar Bláskógaskóla (SBA), Áshildur Sigurðardóttir fulltrúi foreldra Álfaborgar (ÁS).

1. Innra mat
  - a. Niðurstöður síðasta árs. Álfaborg kom vel út. Útisvæði var það sem þurfti mestar úrbætur. Ekki var farið í innramat á leikskóladeild Bláskógaskóla þar sem Ingvar Sigurgeirsson er að vinna með leikskóladeildinni og því ekki tímabært að fara í þá vinnu núna.
  - b. Umbótaáætlanir. Álfaborg: ákveðið var að fara í úrbætur á útisvæði leikskólans og verður það þróað með börnum, starfsfólki og foreldrum. Sumarið 2015 er svo áætlað að hafa vinnuhelgi með starfsfólki og foreldrum þar sem unnið verður úr þeim hugmyndum sem koma fram.
  - c. Áætlanir Álfaborgar og leikskóladeildar Bláskógaskóla 2014-2015
2. Samskipti skóla við heimilin. Bryndís leggur til að skólarnir fari í smá naflaskoðun varðandi samskipti skóla og heimila, þar sem punktað verði niður hvað er verið að gera og í framhaldi hvað er hægt að gera betur og samræma samskiptin milli skóla og starfsvæða. Greinargerð frá hvorum skóla verður tekin til umfjöllunar á næsta fundi. Töluverð umræða var um hvort ætti að búa til fésbókarsíðu til að koma upplýsingum til foreldra.
3. Mengunarmælingar. Ekki þykir ráðlegt að kaupa handmæla þar sem þeir þykja ekki nógu nákvæmir og það þarf að stilla þá reglulega sem er ófyrirséður kostnaður. Beðið er eftir svörum varðandi staðsetningu á mæli í Uppsveitum. Hér er krækja á upplýsingafund um gasmengun sem sendur var út frá Veðurstofunni og er enn aðgengileg:  
<http://www.ustream.tv/channel/ve%C3%B0urstofan>
4. Fræðslufundur um símenntun og starfsþróun kennara og skólastjórnenda  
<http://starfsthrounkennara.is/fraedslufundur-um-simenntun-og-starfsthroun-kennara-og-skolastjornenda/>. Bláskógabyggð mun ekki eiga fulltrúa á þessum fundi en við teljum áhugavert að fylgjast með framgangi mála.
5. Önnur mál

- a. Bryndís leggur til að önnur mál verði tekin af fundardagskrá þar sem þetta sé gamall ósiður og eigi ekki við lengur. Yfirleitt er um fyrirspurnir að ræða sem getur verið erfitt að koma með svör við og því eðlilegra að þær væru nefndar í dagskrá fyrirfram svo allir aðilar geti undirbúið sig. Ef mál koma upp óvænt sem nauðsynlegt er að taka fyrir má alltaf biðja um breytingu á dagskrá.

### **Grunnskólastig (17:00 – 18:30)**

**Mætt:** Bryndís Böðvarsdóttir formaður (BB), Valgerður Sævarsdóttir varaformarður (VS), Axel Sæland ritari (AS), Hrund Harðardóttir skólastjóri Bláskógaskóla (HH), Aðalheiður Helgadóttir fulltrúi starfsmanna grunnskóladeildar Bláskógaskóla (AH), Guðný Tómasdóttir áheyrnarfulltrúi Grímsnes- og Grafningshrepps (GT), Kristín Ingunn Haraldsdóttir fulltrúi foreldra grunnskóladeildar Bláskógaskóla (KIH), Margret Larsen deildarstjóri (ML).

1. Innra mat
  - a. Niðurstöður síðasta árs. Kemur almennt vel út, en vinna má betur í að bæta samskipti og samstarf. Niðurstöður verða settar inn á vef skólans við fyrsta tækifæri.
  - b. Umbótaáætlun. Búið er að gera áætlun sem kallast “Leið til sóknar”, þar er tekið á helstu þáttum og unnið skipulega eftir henni. Næsta vor verður svo skoðaður árangurinn af vinnu vetrarins.
  - c. Skólapúlsinn er kominn í gagnið og þar munu nemendur í 6. – 10. bekk leggja sitt mat á skólann. Niðurstöður og úrbætur verða sett inn á vef skólans.
2. Samskipti skóla við heimilin. Bryndís leggur til að skólarnir fari í smá naflaskoðun varðandi samskipti skóla og heimila, þar sem punktað verði niður hvað er verið að gera og í framhaldi hvað er hægt að gera betur og samræma samskiptin milli skóla og starfsvæða. Greinargerð verður tekin til umfjöllunar á næsta fundi. Guðný leggur til að haldið verði námskeið fyrir foreldra varðandi hvernig á að nota Mentor. Bryndís bendir á eftirfarandi kennslumyndbönd bæðir fyrir foreldra og kennara sem finna má á netinu <https://www.youtube.com/user/InfoMentorIsland>
3. Mengunarmælingar. Ekki þykir ráðlegt að kaupa handmæla þar sem þeir þykja ekki nógu nákvæmir og það þarf að stilla þá reglulega sem er ófyrirséður kostnaður. Beðið er eftir svörum varðandi staðsetningu á mæli í Uppsveitum. Hér er krækja á upplýsingafund um gasmengun sem sendur var út frá Veðurstofunni og er enn aðgengileg: <http://www.ustream.tv/channel/ve%C3%B0urstofan>
4. Fræðslufundur um símenntun og starfsþróun kennara og skólastjórnenda <http://starfsthrounkennara.is/fraedslufundur-um-simenntun-og-starfsthroun-kennara-og-skolastjornenda/> Bláskógabyggð mun ekki eiga fulltrúa á þessum fundi en við teljum áhugavert að fylgjast með framgangi mála.
5. Önnur mál
  - a. Bryndís leggur til að önnur mál verði tekin af fundardagskrá þar sem þetta sé gamall ósiður og eigi ekki við lengur. Yfirleitt er um fyrirspurnir að ræða sem getur verið erfitt að koma með svör við og því eðlilegra að þær væru nefndar í dagskrá fyrirfram svo allir aðilar geti undirbúið sig. Ef mál koma upp óvænt sem nauðsynlegt er að taka fyrir má alltaf biðja um breytingu á dagskrá.
  - b. Hrund fór yfir hvað hefur verið á döfinni undanfarnar vikur – t.d. dans, uppskeruhátíð valgreinafaganna, þar sem voru leikrit, kvikmyndir, skartgripasýning. Boð til foreldra misfórust að einhverju leyti hvað þessa hátíð varðar og verður það skoðað sérstaklega.
6. Húsakynni Bláskógaskóla í Reykholti skoðuð fyrir utan smíðastofu sem skólastjóri hafði ekki aðgang að þennan dag.